

ÁRSSKIL

Skil á virðisaukaskatti fyrir árið 2023

Gjalddagi virðisaukaskatts þeirra aðila sem skráðir eru í ársskil á virðisaukaskattsskrá fyrir árið 2023 er 5. febrúar n.k. Virðisaukaskattsskýrslu vegna uppgjors á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilið janúar-desember 2023 ber einnig að skila eigi síðar en á gjalddaga.

Mikilvægt er að virðisaukaskattsskýrslu sé skilað þó að rekstur hafi legið niðri og því engin velta verið á árinu en einnig hafi aðili e.t.v. afskráð sig af þeim sökum. Í þeim tilfellum eru fjárhæðir á skýrslunni tilgreindar núll. Sé virðisaukaskattsskýrslu eigi skilað á réttum tíma mun ríkisskattstjóri áætla virðisaukaskatt aðila og jafnframt breyta skilamáta hans í almenn skil á tveggja mánaða fresti frá og með 1. janúar 2024. Berist virðisaukaskattsskýrsla eftir að aðili hefur sætt áætlun leggst á hann gjald að fjárhæð 5.000 kr. sem er lögbundið gjald fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu sem hefur ekki verið skilað á réttum tíma.

Rafræn skil aðila í ársskilum

Vakin er athygli á því að virðisaukaskattsskýrslu ber að skila rafrænt á [þjónustuvef Skattsins](#). Skylda til rafrænna skila á virðisaukaskattsskýrslu gildir hvort heldur sem velta ársins var undir eða yfir þeim fjárhæðarmörkum sem ársskilin miðast við (4.000.000 kr.).

Skattskyld velta ársskilaaðila nær 4.000.000 kr.

Skil á virðisaukaskatti einu sinni á ári miðast við ársveltu undir 4.000.000 kr. Hafi skattskyld velta ársskilaaðila vegna ársins 2023 náð þessu veltumarki á uppgjörstímabilinu nóvember-desember 2023 getur hann þrátt fyrir það skilað rafrænni virðisaukaskattsskýrslu. Eftir að fjárhæðir hafa verið færðar á skýrsluna er hins vegar nauðsynlegt að staðfesta að velta ársins hafi náð umræddum veltumörkum. Í kjölfarið er skilamáta skattaðila breytt í almenn tveggja mánaða skil.

Hafi skattskyld velta ársins 2023 náð 4.000.000 kr. veltumarki ársskila fyrir 1. nóvember 2023 ber að skila virðisaukaskattsskýrslu, RSK 10.01, fyrir það uppgjörstímabil sem veltan náði fjárhæðarmörkunum og eftir atvikum einnig fyrir þau almennu tveggja mánaða uppgjörstímabil sem eftir eru af árinu. Á skýrslu fyrir

það uppgjörstímabil þar sem veltan náði 4.000.000 kr. ber að telja fram alla veltu ársins til og með þess uppgjörstímabils þegar veltumarkinu var náð sem og útskatt og innskatt fyrir sama tímabil. Skýrsluna má finna á [upplýsingavef Skattsins](#) en henni skal skilað á pappír. Fylla ber út skýrsluna eins og form hennar segir til um og hún undirrituð. Heimilt er að senda hana á netfang Skattsins, skatturinn@skatturinn.is. Mikilvægt er að efnislína tölvupóstsins sé skýr.

Ef krafa finnst ekki í heimabanka eftir að skýrslu hefur verið skilað með rafrænum hætti er hægt að greiða virðisaukaskatt fyrir eða á gjalddaga og koma þannig í veg fyrir að álag reiknist.

Greiðsluupplýsingar vegna innheimtumans á höfuðborgarsvæðinu:

Reikningsnúmer: 0101-26-85002

Kennitala: 540269-6029

Upplýsingar um bankareikninga innheimtumanna utan höfuðborgarsvæðisins er að finna á [upplýsingavef Skattsins](#).

Sendu ber kvittun með skýringu á tölvupóstfangið 85002@skatturinn.is með upplýsingum um kennitölu skattaðila, vsk-nr., uppgjörstímabil og ár.

Veltumörk fyrir árið 2024

Veltumörk ársskila fyrir árið 2024 nema 4.000.000 kr. og viðmiðunarfjárhæð reiknaðs endurgjalds eða greiddra launa 200.000 kr. Aðili sem er í tveggja mánaða skilum árið 2024 færast ekki í ársskil á árinu 2025 þó svo að velta hans sé undir 4.000.000 kr. ef reiknað endurgjald hans eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilgreinum staðgreiðslu eru 200.000 kr. eða hærra á mánuði á árinu 2024.

Minnt er á bæklinginn „Ársskil á virðisaukaskatti“ (RSK 11.23) sem m.a. má finna á www.skatturinn.is. Einnig er vakin athygli á orðsendingu vegna virðisaukaskatts nr. 1/2024 um skýrsluskil í tengslum við skattframtal.

Nánari upplýsingar og gögn má fá
hjá Skattinum